

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 5. október 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð nr. 33 14. marz 1958, sbr. reglugerðir 9. febrúar 1963 og 3. desember 1971, fyrir Þingeyrarkauptún.

1. gr.

30. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

### Um gjöld til hafnarinnar.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lesta- og bryggjugjald eru herskip, skemmtiferðaskip, íslensk vitaskip og varðskip.

2. gr.

31. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

### Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á hverja brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á hverja brúttórúmllest.
- c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmllestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmllest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1000.00

Gjaldlagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

3. gr.

32. grein reglugerðarinnar fellur niður og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

4. gr.

33. grein reglugerðarinnar sem verður 32. grein, orðist þannig:

### Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10—399 brúttórúmllestir, greiði gjald þetta eigi oftast en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjuggjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmllestir, sem ársgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmllest.

5. gr.

37. grein reglugerðarinnar, sem verður 36. grein, orðist þannig:

Vörugjöld.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

- a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. benzín, brennsluoliur, kol, korn, salt, vikur.
- b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkja-gerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsoliur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr.150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvoð, snyrtivörur.

Af flutningi vinnutækja innanlands, skal veittur allt að 50% afsláttur.

- b. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga, um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald af öllum flokkum er kr. 20.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 5. október 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*